

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

4. tbl. 4. árg.

10. apríl 2026



Í marsmánuði var veðrið í Stykkishólmi kaldara en venjulega, meðalhitinn mældist um $-0,2^{\circ}\text{C}$ sem er lítillega undir meðallagi. Úrkoma var aftur á móti töluvert yfir meðallagi og mánuðurinn einkenndist af umhleypingum og hvassviðri með snjókomu á köflum. Framundan má þó gera ráð fyrir bjartari tímum og betra veðri. Til marks um það má nefna að lóan kom til landsins seinni hluta marsmánaðar og vinnur nú að því að kveða burt leiðindi, eins og segir í kvæðinu. Þá má geta þess að krían er einnig komin til landsins, en hún er snemma á ferð að þessu sinni. Nokkrar kriur sáust á flugi sunnanlands 8. apríl en áður var fyrsti skráði komutími kriunnar 19. apríl.

Tveir listar bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga

Sveitarstjórnarkosningar fara fram um land allt 16. maí 2026. Frestur til að skila framboðslistum til yfirkjörstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi var til kl. 12 á hádegi föstudaginn 10. apríl 2026. Tveir listar bjóða

fram í sveitarfélaginu Stykkishólmi, H-listinn – listi framfarasinna og Íbúalistinn. Nokkrar breytingar hafa orðið á listunum frá síðustu kosningum. Björn Ásgeir Sumarliðason leiðir H-listann og Sigurður

Grétar Jónasson leiðir Íbúalistann. Báðir listar halda úti facebooksíðum þar sem hægt er að kynna sér áherslumál og annað efni sem listarnir setja fram. Á baksíðu blaðsins má sjá hvernig listarnir tveir eru

uppstílltir Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst 17. apríl 2026. Íbúar eru hvattir til að kynna sér málefni listanna beggja og nýta kosningaréttinn.

Vel sóttur íbúafundur á Skildi



Hilmar, formaður skipulagsnefndar, ávarpar fundinn.

Íbúafundur, í tengslum við birtingu verkefnis- lýsingar fyrir mótun nýs aðalskipulags, fór fram þann 12. mars síðastliðinn í Félagsheimilinu Skildi. Fundurinn var með „heimskaffi“ sniði þannig að þátttakendur

tóku þátt í umræðum á nokkrum borðum og punktuðu niður það sem stóð uppúr í samræðunum. Fundurinn var vel sóttur og mynduðust líflegar og fróðlegar umræður. Sveitarfélagið þakkar þátttakendum

fyrir þeirra framlag. Fulltrúar Alta, sem leiða verkefnið, hafa tekið saman punkta frá fundinum en þá má nálgast á vefsíðu sveitarfélagsins. Samhliða fundinum var opnað fyrir vefkönnun til íbúa annarsvegar og

landeigenda/ábúenda hinsvegar. Svarfrestur var til og með 7. apríl en niðurstöður munu svo nýtast við áframhaldandi skipulagsvinnu.

Þriðji fundur bæjarstjórnar unga fólksins



Hera Guðrún Ragnarsdóttir, formaður ungmennaráðs.

Þriðji fundur bæjarstjórnar unga fólksins fór fram fimmtudaginn,

9. apríl. Bæjarstjórn unga fólksins er skipuð ungmönnum úr ung-

mennaráði sem sjá um fundarstjórn og undirbúning fundar. Á fundinum kynntu fulltrúar bæjarstjórnar unga fólksins áherslumál sín og bæjarfulltrúar brugðust við. Aðbúnaður í Íþróttamiðstöð Stykkishólms og knattspyrnuvöllurinn voru ungu bæjarfulltrúum ofarlega í huga. Bæjarstjórn unga fólksins hvatti til þess að auka viðhald á stúku og knattspyrnuvöllinum. Þá var einnig hvatt til þess að bæta sturtuadstöðu á neðri-

hæð íþróttamiðstöðvar. Fulltrúar unga fólksins hvöttu einnig til þess að ráðist verði í úrbætur á leikvöllum í sveitarfélaginu. Þá voru mötuneytmál grunnskólans og Fjölbrautaskóla Snæfellinga einnig tekin til umræðu. Þetta var í þriðja sinn sem bæjarstjórnar fundur unga fólksins er haldinn en um er að ræða mikilvægan lið í því að kynna ungmönnum fyrir stjórnsýslunni og hvernig einstaklingar geta haft áhrif á samfélagið.

Framtíðarmöguleikar í uppbyggingu íþróttamannvirkja



Íbúafundur fór fram á Höfðaborg.

Bæjarstjórn Stykkishólms skipaði, á 24. fundi sínum, starfshóp um mótun stefnu sveitarfélagsins í íþróttamálum. Hlutverk hópsins m.a. að móta framtíðarsýn um fjölbreytt íþrótt- og tómskundastarf fyrir íbúa á öllum aldri, bæði innan- og utandyra. Þá var starfshópnum falið að leggja fram tillögur að uppbyggingu íþróttatengdra mannvirkja í

sveitarfélaginu, þar sem horft verður til staðsetningar, hlutverks mannvirkja, forgangsröðunar verkefna, tímasetninga og kostnaðarmats.

Stuttur umræðu- og kynningarfundur um fyrirbyggjandi hugmyndir í tengslum við vinnu starfshópsins var haldinn fyrir íbúa sveitarfélagsins mánudaginn 16. mars sl. á Höfðaborg. Á fundinum

var kallað eftir áliti og tillögum frá íbúum.


Með fréttinni fylgir mynd sem sýnir þær hugmyndir sem fram hafa komið í vinnu starfshópsins um mögulega byggingarreiti fyrir framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í Stykkishólmi. Á myndinni eru svæðin merkt með lituðum reitum sem gefa til kynna möguleg byggingarsvæði.

Mikilvægt er að taka fram að reitirnir sýna ekki fyrirhugaðar byggingar heldur aðeins möguleika á staðsetningu mannvirkja til framtíðar.

Með kynningarfundinum leitaðist starfshópurinn eftir að vekja athygli íbúa á þeim möguleikum sem eru til skoðunar og jafnframt kalla eftir sjónarmiðum frá samfélaginu.

Framlag íbúa er mikilvægt í þessari vinnu þar sem markmiðið er að móta metnaðarfulla og raunhæfa framtíðarsýn fyrir íþróttastarf í Stykkishólmi sem nýtist samfélaginu til lengri tíma.

Ennþá má koma hugmyndum og athugasemdum á framfæri sem hópurinn getur nýtt í vinnu sinni. Athugasemdir og ábendingar má senda á netfangið magnus@stykkisholmur.is



Sveitarfélagið Stykkishólmur gefur út fréttaritið Helstu fréttir mánaðarlega.

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson, aðstoðarmaður bæjarstjóra.

Bæjarstjórn leggst hart gegn frumvarpi um afnám skelbóta



Þórsnes við höfn í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn Stykkishólms hefur lýst yfir þungum áhyggjum af fyrirliggjandi frumvarpi innviðaráðherra þar sem lagt er til að fella niður skelbætur. Bæjarstjórn leggst eindregið og hart gegn frumvarpinu og skorar á ríkisstjórn og Alþingi að falla frá því í núverandi mynd.

Bæjarstjórn varar við því að fyrirliggjandi frumvarp um afnám skelbóta geti haft grafalvarleg áhrif á atvinnulíf og byggðafestu í sveitarfélaginu. Að mati bæjarstjórnar eru allt að 100 störf í húfi, auk verulegra áhrifa á fjölskyldur og tekjustofna sveitarfélagsins. Skelbætur hafa um áratugaskeið verið lykilforsenda fyrir útgerð og fiskvinnslu í Stykkishólmi og eiga rætur að rekja

til skerðinga á botnfiskeimildum við upptöku kvótakerfisins árið 1984 og síðar hruns skelveiða. Bæjarstjórn og bæjarráð tóku jafnframt undir ályktun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, þar sem varað er við því að fyrirhugaðar breytingar geti haft verulega neikvæð áhrif á atvinnulíf og byggðafestu í sjávarbyggðum.

Bæjarstjórn benti á að óvissa vegna frumvarpsins sé þegar farin að hafa áhrif, meðal annars með frestun og afturköllun uppbyggingaráforma í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið leggst eindregið gegn frumvarpinu og skorar á ríkisstjórn og Alþingi að falla frá því og hefja raunverulegt samráð við

sveitarfélög og atvinnulíf.

Hér á eftir má lesa ályktanir bæjarráðs og bæjarstjórnar í heild sinni:

Ályktun bæjarráðs Stykkishólms frá 19. mars 2026 vegna skelbóta

Bæjarráð Stykkishólms tekur undir ályktun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um skelbætur og línuvinnun og leggst eindregið og hart gegn fyrirliggjandi frumvarpi innviðaráðherra.

Bæjarráð telur að fyrirhuguð lagabreyting muni hafa verulega neikvæð áhrif á atvinnulíf, byggðafestu og tekjustofna sveitarfélagsins, verði hún að

veruleika. Verði frumvarpið að lögum getur það haft grafalvarleg áhrif á sveitarfélagið og aukið verulega hættu á að starfsemi, sem byggir m.a. á skelbótum, leggist af í sveitarfélaginu.

Bæjarráð bendir á að neikvæð áhrif áformanna eru þegar farin að koma fram og vísar í því sambandi til bréfs BB og sona ehf., dags. 18. mars 2026, um afturköllun lóðarumsóknar á Hamraendum, þar sem fram kemur að félagið sjái sér ekki fært að halda áfram með fyrirhuguð uppbyggingaráform í sveitarfélaginu vegna þeirrar óvissu sem skapast hefur vegna áforma innviðaráðherra.

Bæjarráð skorar á ríkisstjórn, sér í lagi innviðaráðherra, og Alþingi að falla frá frumvarpinu og hefja raunverulegt samráð við sveitarfélög og atvinnulíf um framtíð fiskveiðistjórnarkerfisins með það að markmiði að tryggja áfram byggðafestu, stöðugleika og fjölbreytt atvinnulíf á landsbyggðinni.

Ályktun bæjarstjórnar Stykkishólms frá 26. mars 2026 vegna skelbóta

Bæjarstjórn Stykkishólms lýsir yfir þungum áhyggjum af fyrirliggjandi frumvarpi

innviðaráðherra til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006, þar sem lagt er til að fella niður línuviltun og skel- og rækjubætur.

Bæjarstjórn tekur undir og staðfestir ályktun bæjarráðs þar sem sko- rað er á ríkisstjórn, sér í lagi innviðaráðherra, og Alþingi að falla frá frumvarpinu. Bæjarstjórn tekur sérstaklega undir að verði frumvarpið að lögum geti það haft grafalvarleg áhrif á sveitarfélagið og aukið verulega hættu á að starfsemi, sem byggir m.a. á skelbótum, leggist af í sveitarfélaginu. Áformin eru þannig til þess fallin að veikja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins og þar með samfélagsins í heild.

Sjávarútvegur hefur lengi verið hryggjarstykkið í atvinnulífi Stykkishólms og stór hluti útsvarstekna sveitarfélagsins og annarra tekna kemur frá

starfsemi sem reiðir sig á skelbætur. Bæjarstjórn bendir á að gróft á titið sé um að ræða hátt í 100 störf sem eiga hér beint og óbeint undir þeirri starfsemi sem reiðir sig á skelbætur. Þannig má ætla að áhrifin nái til um 200 einstaklinga í sveitarfélaginu, þar af fjöldi barna, eða um 15% íbúa sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn minnir á að hún hefur ávallt og ítrekað lagt þunga áherslu á mikilvægi skelbóta fyrir atvinnulíf í Stykkishólmi og þar með samfélagið í heild. Hér er um að ræða grundvallarþátt við að tryggja starfsemi fyrirtækja í Stykkishólmi sem stunda útgerð og fiskvinnslu í bænum og hafa byggt starfsemi sína á þeim aflaheimildum sem skelbótum hafa fylgt. Bæjarstjórn telur að verði frumvarpið að lögum muni það koma til með að hafa verulega neikvæð áhrif á atvinnulíf, byggðafestu og

tekjustofna sveitarfélagsins og sé því með öllu óásættanlegt.

Þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar og beiðnir um samráð við bæjarstjórn vegna skelbóta hefur slíkt samráð ekki átt sér stað, sem bæjarstjórn telur alvarlegt í ljósi þess að hér er um eitt mikilvægasta byggðamál sveitarfélagsins að ræða. Þá skýtur það skökku við að frumvarpið komi fram í kjölfar þess að stjórnvöld hafa skert skelbætur umtalsvert síðastliðin tvö ár, sem bæjarstjórn hefur ítrekað kallað eftir að verði leiðrétt, en í stað þess að leiðrétta þá skerðingu er þvert á móti lagt til að afnema skelbætur. Er framkomið frumvarp því eins og blaut tuska í andlitið á samfélaginu hér í Stykkishólmi.

Bæjarstjórn bendir jafnframt á að neikvæð áhrif áformanna séu þegar farin að koma fram. Í því sambandi er

vísað til afturköllunar lóðarumsóknar og uppbyggingaráforma í sveitarfélaginu vegna þeirrar óvissu sem skapast hefur. Þetta er vísbending um að áformin séu þegar byrjuð að hafa neikvæð áhrif á atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu.

Bæjarstjórn tekur að lokum heilshugar undir ályktun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi um málið og áréttar að fyrirliggjandi frumvarp gangi þvert gegn hagsmunum sjávarbyggða.

Bæjarstjórn skorar á ríkisstjórn og Alþingi að falla frá frumvarpinu í núverandi mynd og hefja þegar í stað samtal og samráð við sveitarfélög og atvinnulíf, með það að markmiði að tryggja áframhaldandi stöðugleika, fyrirsjáanleika og byggðafestu í sjávarbyggðum.

Auglýst eftir kraftmiklu sumarstarfsfólki

Sveitarfélagið auglýsir nú eftir kraftmiklu sumarstarfsfólki sem hefur áhuga á að starfa í skemmtilegu og fallegu umhverfi í veðursældinni í Hólminum. Áhugasömum er bent á að kynna sér störfin á Stykkishólmur.is en leitað er m.a. eftir flokkstjórum í vinnuskóla, starfsmönnum í samfélagsflokkinn, slátturgengið og aðstoð

við vinnuskóla og sumarnámskeið. Nánari upplýsingar veitir Guðni Sumarliðason í síma 892-1189. Upplýsingar um launakjör veitir Unnsteinn Logi Eggertsson, launafulltrúi, í síma 433-8100, en einnig má beina fyrirspurnum á netfangið unnsteinn@stykkisholmur.is Hægt er að sækja um störfin á íbúagátt Stykkishólms.



Góð loftgæði mælast í Samkomuhúsinu



Samkomuhúsið í Stykkishólmi.

Nýverið var greint frá samningi sveitarfélagsins og Aftanskin um notkun á Samkomuhúsinu í Stykkishólmi. Bæjarstjórn samþykkti samninginn með því skilyrði að óháð og fagleg úttekt færi fram og staðfest yrði að loftgæði í húsnæðinu væru fullnægjandi en ekki heilsuspillandi.

Loftgæðamælingar voru framkvæmdar í húsnæðinu 12. mars síðastliðinn og sýna að loftgæði þar eru góð og innan eðlilegra marka. Mælingarnar voru framkvæmdar af fyrirtækinu Disact með svokallaðri Mycometer-aðferð, sem metur magn sveppaagna og annarra ofnæmisvalda í innilofti.

Niðurstöður mælinga eru túlkaðar samkvæmt viðmiðunarkerfi sem flokkar þær í flokka A+ til D eftir magni sveppaagna og ofnæmisvalda í lofti. Reyndust niðurstöður úr Samkomuhúsi falla í flokka A og A+, sem samkvæmt viðmiðum þýðir að magn sveppaagna og ofnæmisvalda sé eðlilegt eða mjög lágt.

Í niðurstöðum kemur fram að magn sveppaagna var sérstaklega lágt og engar vísbendingar fundust um sveppavöxt eða tengd vandamál. Þá var heildarmagn ofnæmisvalda einnig innan eðlilegra marka.

Yngvi Örn Stefánsson hjá Disact, sem framkvæmdi mælingar, sagði

niðurstöðurnar mjög jákvæðar. Þá benti hann á að lítilsháttar iðnaðar-ryk vegna framkvæmda í húsinu gæti hafa haft einhver áhrif á mælingarnar. „Ef það hefði ekki verið fyrir það ryk hefðu allar mælingar líklega fallið í A+ flokk,“ sagði Yngvi.

Niðurstöðurnar eru því afar jákvæðar og leggja grunn að því að hægt sé að blása nýju lífi í húsnæðið og starfsemi geti hafist þar að nýju. Samkomuhúsið hefur lengi verið mikilvægur samkomu- og samverustaður íbúa og staðfesta mælingar að svo geti verið áfram. Búið er að koma upp öflugum loftskiptakerfi í húsinu en því til viðbótar hafa verið settir upp tveir loft-

gæðamælar sem sýna hvernig loftgæði eru í húsnæðinu hverju sinni og fær verkefnastjóri framkvæmda- og eigna hjá sveitarfélaginu tilkynningu í snjalltæki ef mælarnir verða varir við breytingar á loftgæðum í húsnæðinu.

Aftanskin mun nýta húsnæðið undir tómtundir á borð við smíðar og fleira. Einnig hefur félagið heimilað Golfklúbbum Mostra að nýta hluta hússins fyrir golfhermi en með fyrrnefndum samningi heimilaði sveitarfélagið Aftanskin að ráðstafa rými í húsnæðinu til golfklúbbsins, kjósi félagið að gera það. Golfklúbburinn Mostri hyggst nýta aðstöðuna tímabundið

undir golfhermi á meðan golfklúbburinn vinnur að því að koma upp aðstöðu á svæði golfklúbbsins undir slíka starfsemi. Í húsnæðinu hafa nú verið settir upp milliveggir til að skilja á milli rýma. Búið er að útbúa sér rými fyrir rennibekk auk þess sem

aðalsalnum hefur verið skipt í tvennt. En í fremri hluta salsins hefur golfklúbburinn sett upp golfhermi.


Í samningi sveitarfélagsins við Aftanskin kemur m.a. fram að markmið samningsins sé að skapa grundvöll fyrir

samfélagslega nýtingu húsnæðisins og stuðla að því að það verði, eftir því sem unnt er, fært í nothæft ástand á grunni sjálfbodastarfs og í samstarfi við sveitarfélagið. Markmiðið er að ráðast í nauðsynlegt viðhald og uppbyggingu til að koma húsinu í hlutverk

við hæfi. Aftanskin stefnir að því að halda opið hús á næstunni þar sem íbúum og öðrum gestum gefst kostur á að kynna sér starfsemina og sjá þær breytingar sem orðið hafa á húsinu.



Búið er að hressa töluvert upp á húsnæðið að innan.



Hér má sjá hvar loftskiptakerfið liggur út.



Kaffistofan er í vinnslu.



Búið er að útbúa sér herbergi fyrir rennibekk.

Anna Melsteð og Jósep Blöndal heiðruð á Júlíönuhátíð



Gréta Sig afhendir Önnu Melsteð viðurkenningu.

Júlíana – hátíð sögu og bóka var haldin í þretánda sinn dagana 19.–21. mars 2026. Hátíðin var fyrst sett á laggirnar árið 2013 og hefur síðan fest sig í sessi sem mikilvægur þáttur í lista- og menningarlífi í Stykkishólmi. Í ár

var sérstök ástæða til að fagna, þar sem verk Júlíönu Jónsdóttur, sem hátíðin dregur nafn sitt af, eiga merkisafmæli. Bókin Stúlka kom út árið 1876, fyrir 150 árum, og árið 1916, eftir að Júlíana fluttist til Vesturheims, kom út bókin



Jósep Blöndal ávarpar salinn.

Hagalagðar í Winnipeg í Kanada, fyrir 110 árum. Í tilefni þessara tímamóta fékk Gréta Sig Bjargardóttir, stofnandi Júlíönuhátíðar, Forlagið til að gefa út ljóðasafn Júlíönu í einu bindi. Dagskrá hátíðarinnar var fjölbreytt og skem-

mtileg nú sem fyrr. Venju samkvæmt var heimafólk heiðrað fyrir framlag sitt til menningarmála í Stykkishólmi en í ár voru það Jósep Blöndal og Anna Melsteð sem voru heiðruð á lokaathöfn hátíðarinnar í Stykkishólmskirkju.

Tveir listar bjóða fram til sveitarstjórnarkosninga

H- listinn

1. Björn Ásgeir Sumarliðason
2. Steinunn I. Magnúsdóttir
3. Mattías Arnar Þorgrímsson
4. Þórhildur Eyþórsdóttir
5. Viktoría Líf V. Ingibergsdóttir
6. Þróstur Ingi Auðunsson
7. Jón Ragnar Daðason
8. Ragnar Ingi Sigurðsson
9. Anna Margrét Pálsdóttir
10. Kári Geir Jensson
11. Guðbjörg Arna Evudóttir
12. Marteinn Óli Þorgrímsson
13. Björg Gunnarsdóttir
14. Guðmundur Kolbeinn Björnsson

Íbúalistinn

1. Sigurður Grétar Jónasson
2. Rannveig Tenchi Ernudóttir
3. Kristján Hildibrandsson
4. Ólöf Inga Stefánsdóttir
5. Skarphéðinn Berg Steinarsson
6. Sólrún Ösp Jóhannsdóttir
7. Heiðrún Edda Pálsdóttir
8. Hjalti Hrafn Hafþórsson
9. Snæbjörn Aðalsteinsson
10. Eva Rut Ellertsdóttir
11. Steindór Hjaltalín Þorsteinsson
12. Sigrún Birta Sturludóttir
13. Hrefna Frímansdóttir
14. Guðmundur Valur Valtýsson